

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Vélamiðstöðvarreitur, Skálatúnsreitur eystri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vélamiðstöðvarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Naustabryggja 36-52.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 17. mars 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustabryggju 36-52.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. apríl 2004.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Túnahverfis á Hvammstanga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra á fundi sínum þann 13. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag Túnahverfis á Hvammstanga.

Deiliskipulagið tekur yfir rúmlega 8 ha svæði nyrst á Hvammstanga. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 26. mars 2004.*

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.